

Norðurland eystra, 6.september 2022

Efni: umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð

Hér fyrir neðan má finna umsögn stjórnar SSNE um frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð.

Stjórn SSNE fagnar því að efla eigi stefnumótun og samhæfingu á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar á Íslandi. Það er mikilvægt og metnaðarfullt markmið sem við þurfum öll að vinna að í sameiningu að efla þessa þætti atvinnulífs og þekkingar á Íslandi.

Stjórn SSNE vill þó í þessu samhengi vekja athygli á þeirri staðreynd að því miður hefur hallað á hlut frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins þegar kemur að því að sækja í opinbera styrktarsjóði. Það er nauðsynlegt að styrkja og styðja við nýsköpun um allt land og því vill stjórn SSNE leggja til að í lögunum verði bætt við skilyrði um að a.m.k. tveir fulltrúar í Vísinda- og nýsköpunarráði verði skipaðir með tilliti til búsetu utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig má tryggja að inni í ráðinu verði til staðar skilningur á þeim aðstæðum sem íbúar landsins sem þar starfa búa við þegar kemur að uppbyggingu og rekstri nýsköpunarfyrirtækja.

Fyrir hönd stjórnar SSNE,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
framkvæmdastjóri.